

## Tíundi fundur haldinn í Breiðabliki 4. ágúst 2021 kl. 21:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Bréf dagsett 20. Júlí 2021 frá Snæfellsbæ þar sem óskað er afstöðu sveitarstjórnar til að hefja formlegar sameiningarviðræður milli sveitarfélaganna.  
Niðurstaða. Að hafnar verði formlegar viðræður við Snæfellsbæ um sameiningu sveitarfélaganna. Lagt er til að skipuð verði sameininganefnd sem getur skipað undirnefndir ef þurfa þykir, oddvita og varaoddvita falið að vera í nefndinni fyrir hönd Eyja og Miklaholtshrepps. Jafnframt er lagt til að sveitarfélögin ráði ráðgjafafyrirtæki sem haldi utan um verkefnið sem þá sér m.a. um að stýra samtalinu við íbúa. Oddvita veitt heimild til að vinna að ráðningu ráðgjafa í vinnuna í samráði við Snæfellsbæ. Niðurstaðan samþykkt af Eggert, Atla, Halldóri og Katrínu. Gísli greiðir atkvæði á móti niðurstöðunni og telur sameiningarviðræður ekki tímabærar að svo stöddu.
2. Umsókn um endurnýjun á rekstarleyfi Akurholts ehf til reksturs gististaðar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.
3. Fundarboð á aðalfundi Hitaveitu Eyja og Miklaholtshrepps 10. ágúst 2021 ásamt tillögu að tilboði. Fundarboðið er lagt fram til kynningar. Einnig lögð fram tillaga frá Félagsbúinu sem felur í sér að sveitarfélagið í samstarfi við annan aðila kaupi hlut Félagsbúsins og Miðhrauns II í hitaveitunni. Einnig lagt fram minnisblað oddvita um stöðuna á hitaveitumálunum þar sem koma fram þær hugmyndir sem ræddar hafa verið undanfarið til lausna á málefnum HEM en í minnisblaðinu kemur m.a. fram að sumarið 2014 hafi verið gert dómsátt sem felur það í sér að kerfið verður stillt í samræmi við það sem hver og einn á rétt á að nýta sér af vatni.  
Niðurstaða. Sveitarstjórn samþykkir ekki tillögu Félagsbúsins um að taka þátt í að kaupa hluti í HEM á þeim forsendum sem koma fram í tillögunni að tilboði. Ef ekki næst samkomulag um einhverja af þeim þremur leiðum sem nefndar í minnisblaðinu er ljóst að stilla verður kerfið í haust, eigi síðar en í lok september í samræmi við dómsáttina frá 2014. Það hefur jafnframt í för með sér að ekki verður um frekari þróun að ræða í HEM og hún komin í sitt endanlega form. Því er mikilvægt að minni hluthafar og Félagsbúið hefji undirbúning að því að gera upp skuld HEM við EM  
og um leið og kerfið verður stillt liggi fyrir með hvaða hætti það verði gert.
4. Drög að viðauka við samning um tæmingu rotþróa. Um er að ræða viðauka við samning sem gilt hefur í nokkur ár.  
Niðurstaða: viðaukinn samþykktur af hálfu sveitarstjórnar.
5. Ósk um umsögn á vinnslutillögu á breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar dagsett 30. júní 2021.  
Niðurstaða. Ekki er gerð athugasemd við vinnslutillöguna af hálfu sveitarstjórnar.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt, fundi slitið kl. 21:50

Katrín Gísladóttir ( sign )

Halldór Jónsson ( sign )

Gísli Guðmundsson ( sign )

Atli Sveinn Svansson ( sign )

Eggert Kjartansson ( sign )